

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. desember 2024
Málsnúmer: 202411-0024
LA

Efni: Ofanflóðavarnir við Hnífsdal. Matsskyldufyrirspurn.

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 19. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna byggingu ofanflóðavarna við Hnífsdal.

Ísafjarðarbær áformar byggingu ofanflóðavarna til að tryggja öryggi byggðar í Hnífsdal. Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu á 410 m löngum og um 6 til 17 m háum þvergarði ofan Bakkavegar og uppsetningu á rúmlega 2,1 km af 3-3,5 m háum stoðvirkjum í austur hluta upptakasvæðis Bakkahyrnu. Til að verja byggð við mögulegu grjóthruni á meðan uppsetning stoðvirkja stendur yfir verður reist jarðvegsmön ofan Dalbrautar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð matsskyldufyrirspurnar. Innan framkvæmdasvæðisins eru ekki svæði sem njóta verndar samkvæmt náttúruminjaskrá eða 61. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd náttúrufyrirbæra. Innan svæðisins eru vistgerðir með hátt verndargildi. Jákvætt er að hugað verður að mótvægisáðgerðum til að koma í veg fyrir útbreiðslu lúpínu og áhersla lögð á að endurheimta náttúrulegan gróður. Mikið efnismagn þarf í uppbyggingu varnargarða sem að hluta fæst úr skeringum, en auk þess er gert ráð fyrir að opna tvær lokaðar námur nálægt Hnífsdal (E4 og E5). Helstu áhrif vegna uppbyggingu ofanflóðavarna við Hnífsdal tengjast breytingum á landslagi og ásýnd.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir sem koma til með að tryggja öryggi byggðar í Hnífsdal og telur ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur